

L Ö G

um

slysatryggingar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láanborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 6. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 73, 7. maí 1928 (Slysatryggingalög), höfum látið fella breytingarnar og aðrar breytingar á téðum lögum, sem samþykktar hafa verið síðan 1929, inn í texta laga um slysatryggingar, nr. 73, 7. maí 1928, og gefum þau hérmeð út þannig breytt.

1. gr.

Skýlt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá er hér greinir:
 - a. Farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á islenzk skip.
 - b. Fiskimenn og farmenn á róðrabátum og vélbátum minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaup í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
 - a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðastjórn, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga. Þar með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
 - b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talið gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, námugróftur, ennfremur fiskverkun, ísvinna og vinna við rafmagnsleiðslur.
 - c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum, nema um venjuleg bæjarhús eða útihús í sveitum sé að ræða.
 - d. Vegagerð, brúargerð, hafnargerð, vitabyggingar, símalagningar og viðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur og gasleiðslur. Ennfremur skulu tryggðir hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið, ráðið að opinberri tilhlutun. Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölul., að starfið sé rekið annaðhvort fyrir reikning ríkis eða sveitarfélags, eða þá einstaklings eða félags, sem hefir það að atvinnu. Þó fellur þar undir smíði

nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíð að atvinnu.

72
8. sept.

Tryggingin samkvæmt 2. tölul. nær ekki til skrifstofufólks, nema það taki einnig beinan þátt í verklegum störfum fyrirtækisins.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, er starfið er rekið fyrir þeirra reikning, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

Ef ágreiningur verður um, hvort fyrirtæki sé tryggingarskylt, hver skuli skoðast sem atvinnurekandi eða hverjir falli undir trygginguna, skal Slysatryggingin skera úr því, en skjóta má þeim úrskurði til dómstólanna.

2. gr.

Trygginguna samkv. 1. gr. annast stofnun, sem nefnist „Slysatrygging ríkisins“. Er henni stjórnað af forstjóra tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum, er stjórnarráðið skipar til 3 ára í senn. Hefir stjórnarráðið yfirlit og umsjón með stjórn Slysatryggingarinnar, og greiðist kostnaðurinn við hana úr ríkissjóði. Til stjórnarkostnaðar telst eigi borgun til nefndar þeirrar og fulltrúa, sem ræðir um í 18. gr.

3. gr.

Það er bótaskyldt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í. — Til slysa teljast hverskonar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu eða aðra þá vinnu sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á vátryggingartímabilinu eða þegar þeir eru á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, sem leiðir af starfi þeirra sem sjómanna.

4. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal Slysatryggingin greiða þær bætur sem hér segir:

- a. Ef meiðslin valda sjúkleika lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, er fyrir slysinu varð, dagpeninga eftir þann tíma og þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ af venjulegu dagkaupi eða tekjum mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Ef hinn slasaði er lögskráður skipverji, fer um rétt hans eftir 95. gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrstu 4 eða 8 vikurnar, en síðan eftir lögum þessum. Auk þess skal greiða læknishjálp og $\frac{2}{3}$ hluta lyfja- og umbúðakostnaðar. Ef ágreiningur verður um upphæðina, sker Slysatryggingin úr.

72
8. sept.

- b. Ef slysið hefir valdið varanlegri örorku, greiðast örorkubætur þeim, sem fyrir því varð. Fullar örorkubætur eru 6000 kr., og greiðast þær, ef sá, sem fyrir slysinu varð, að dómi læknis er algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, en örorkubæturnar, eru að því skapi lægri, sem minna skortir á, að hann sé til fulls vinnufær, og engar, ef minna skortir en að $\frac{1}{5}$ hluta.

5. gr.

Valdi slysið dauða innan árs frá því, að það bar að höndum, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum dánarbætur 3000 kr.

Rétt til dánarbótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hér segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifzt áður en slysið varð og þau verið samvistum, þegar það vildi til, eða hafi konan notið framfærslueyris frá manningnum. Hafi þau eigi verið samvistum og konan eigi notið framfærslueyris frá manningnum, er það á valdi Slysatryggingarinnar að skera úr, hvort hún skuli fá bæturnar að öllu eða nokkru leyti eða alls ekki.

Ef gift kona deyr af slysi, fær ekillinn bæturnar eftir sömu reglum sem ekkjan.

2. Börn hins látna, skilgetin eða óskilgetin, hafi þau verið á hans framfæri þegar slysið varð. Sama gildir og um fósturbörn.
3. Foreldrar hins látna. Nú hefir aðeins annað foreldri hans að nokkru eða öllu leyti á hendi framfærslu systkina hans í ómegð, og fær það þá allar dánarbæturnar, enda hafi hinn látni ekki dvalið á vegum hins foreldrisins né veitt því fjárhagslegan stuðning með atvinnu sinni. Ennfremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.
4. Systkini hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Hljóti ekkja eða ekill dánarbæturnar, skal að auki greiða 600 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; ennfremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 1200 kr., er ekkja fær dánarbæturnar. Sé aðeins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 600 kr. í viðbót. Þó skal engin viðbótarupphæð greidd, ef eitt barn fær dánarbæturnar.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkv. 4. gr. b.

6. gr.

Til þess að standast útgjöld Slysatryggingarinnar önnur en þau, sem nefnd eru í 2. gr., skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa útgjöldin þeim, sem tryggðir eru til útgjalda.

Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysaþættuna. Eftir slysaþættunni skal skipta þeim atvinnufyrirtækjum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokka skal ákveðin sérstök iðgjaldaupphæð fyrir hvern tryggðan mann í þeim flokki, miðuð við tímalengd (klukkustund, dag, viku, mánuð eða ár), og skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem Slysafyrirgöngunni ber að greiða. **72** 8. sept.

Um skiptinguna í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldunum, en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er fellur undir mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur Slysafyrirgöngin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það fellur undir.

7. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkvæmt 1. gr. 1, reiknast eftir vikum, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og telst frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu, Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrabát (sbr. 1. gr. 1) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því er greiða ber, en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns.

Útgerðarmenn róðrabáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $\frac{7}{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem ávantar fullt iðgjald greiðist úr rikissjóði.

Skráningarstjóri sendir Slysafyrirgöngunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsg. greinar þessarar. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

8. gr.

Nú forfallast slysafyrirgöngur skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

72 Útgerðarmaður eða formaður róðrabáts og vélbáta minni en 12 smá-
8. sept. lestir getur tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

9. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 1. gr. 2., skal, þegar lög þessi ganga í gildi, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda hreppstjóra eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra) tvíritaða tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er Slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða iðgjaldagreiðslu þess. Sömu leiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá um öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir Slysatryggingunni. Verkamenn skoðast tryggðir frá þeim tíma, er lögin ganga í gildi eða fyrirtækið byrjar, hvort sem það hefir verið tilkynnt eða ekki.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrá á þann hátt, sem Slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skráum þessum sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra, og miðast iðgjaldið við þær, en lögreglustjóri sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Lögreglustjóri getur, ef honum þykir ástæða til eða Slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. má taka lögtaki.

Lögreglustjóra bera í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir. Af iðgjöldum samkvæmt 9. gr. greiðist 6% í innheimtulaun. Þar, sem hreppstjóri hefir innheimtuna á hendi, gengur helmingur innheimtulaunanna til hans.

11. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld samkvæmt 7., 8. og 9. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt fyrir það teljast slysbyggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða Slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæta auk þess sektum.

12. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda svo fljótt sem

auðið er lögreglustjóra, eða hreppstjóra áleiðis til lögreglustjóra, tilkynningu um slysið í því formi, sem Slysatryggingin skipar fyrir um. Ef lögreglustjóri álitur, að slysið veiti rétt til bóta frá Slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til Slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakast af hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða Slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu.

72
8. sept.

Því aðeins ber að taka til greina og senda til Slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið varð.

13. gr.

Undir eins og Slysatryggingunni hafa borizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiðast samkvæmt lögum þessum og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefir misst af vinnuafli sínu. Eru þá örorkubætur ákveðnar.

14. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum, og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rétt til að skerða neitt þær bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögnum, né leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

15. gr.

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkvæmt 1. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

16. gr.

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrabátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögnum, hafa rétt til þess að tryggja sig í Slysatryggingunni á sama

72 hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og 8. sept. greiðist þá hinn helmingurinn úr rikissjóði.

17. gr.

Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskyld fyrirtæki samkvæmt 1. gr., eða frjáls trygging samkvæmt 16. gr., sker Slysatryggingin úr því.

18. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir mótorbáta- og róðrabátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuíðnað, sem Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur skipar. Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í mótorbáta- og róðrabátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuíðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Ennfremur hefir nefndin rétt til að velja einn mann til þess að fylgjast með stjórn og rekstri Slysatryggingarinnar. Sama rétt hefir og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum Slysatryggingarinnar, og er stjórn hennar skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvikjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að mæta á stjórnarfundum.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist, að Slysatryggingin standi í skilum. Þær fjárhæðir er ríkissjóður kynni að greiða samkvæmt þessu, skulu endurgoldnar ríkissjóði jafnskjótt sem Slysatryggingin verður þess megnug.

20. gr.

Slysatrygging ríkisins tekur við eignum og skuldbindingum Slysatryggingartryggingarsjóðs sjómanna. Að öðru leyti eru lög nr. 32, 27. júní 1921, úr gildi numin.

21. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar Slysatryggingarinnar og þeirra 2 fulltrúa, er um getur í 18. gr., ef útnefndir hafa verið.

Í reglum þessum má undanþiggja tryggingarskyldu smáfelda starfsemi, sérstaklega utan kaupstaða og kauptúna, eftir því sem til hagar og þörf krefur.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna til Slysa-tryggingarinnar. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lög-lögglumál.

72

8. sept.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.